

**Grálúða:**

	U.S. cent á lb. cif.
Heilfryst .....	30.55
Blokk .....	36.29
Heilfrystur fiskur .....	13.72

Verðbil verði 2.5% miðað við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðist við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðist við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 27. október 1972.*

**F. h. r.**

**Jón L. Arnalds.**

*Gylfi Þórðarson.*

31. október 1972.

Nr. 294.

## REGLUGERÐ

um leyfi í skólum.

### 1. gr.

Í skólum, sem heyra undir menntamálaráðuneytið, skulu leyfi nemenda vera sem hér segir:

- I. 1. desember.
- II. Jólaleyfi:
  1. Í barnaskólum frá og með 19. desember til og með 6. janúar.
  2. Í framhalds- og sérskólum frá og með 21. desember til og með 3. janúar.
- III. Öskudagur.
- IV. Páskaleyfi:
  1. Í barnaskólum frá og með mánudegi eftir pálmasunnudag til og með þriðja í páskum.
  2. Í framhalds- og sérskólum frá og með miðvikudegi fyrir skírdag til og með þriðja í páskum.
- V. Sumardagurinn fyrsti.
- VI. 1. maí.
- VII. Uppstigningardagur.
- VIII. Hvítasunnuleyfi frá og með laugardegi fyrir hvítasunnu til og með þriðjudegi eftir hvítasunnu. Þó er heimilt að halda próf laugardag eða þriðjudag.
- IX. 17. júní (í skólum, sem þá kunna að vera starfandi).
- X. Heimilt er í skólum, þar sem kennt er 6 daga vikunnar, að veita eins dags leyfi í mánuði, ef eigi eru önnur sérstök leyfi í þeim mánuði.
- XI. Helgidagar þjóðkirkjunnar, sem eigi hafa þegar verið taldir.

**2. gr.**

Reglugerð þessi tekur ekki til Háskóla Íslands.

**3. gr.**

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi ákvæði, er kunna að brjóta í bága við hana.

*Í menntamálaráðuneytinu, 31. október 1972.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*

**S A M Þ Y K K T**

**fyrir Veiðifélag Vatnsfjarðardals.**

**1. gr.**

Félagið heitir Veiðifélag Vatnsfjarðardals, Norður-Ísafjarðarsýslu. Heimili þess og varnarþing er Vatnsfjörður, Norður-Ísafjarðarsýslu.

**2. gr.**

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Neðra-Selvatni, Þúfnaá, Sveinhúsavatni og Vatnsfjarðarós, en þær eru Sveinhús, Þúfur, Vatnsfjarðarsel, Miðhús og Vatnsfjörður.

**3. gr.**

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu, en um hagnýtingu veiði fer sem hér segir: Ráðstöfunarrétt veiði og fiskrækt, sérstaklega í Neðra-Selvatni, hafa aðeins aðilar við vatnið. Hið sama gildir um Þúfnaá, Sveinhúsavatn og Vatnsfjarðarós.

**4. gr.**

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár, og helzt svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinn hitt árið.

**5. gr.**

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.